

Fundargerð 388. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2016, miðvikudaginn 12. október kl. 17:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar Ísafirði.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Guðmundur M Kristjánsson, Ólafur Þór Snorrason, Ásta Björg Pálmadóttir og Björn Arnaldsson.

Guðný Sverrisdóttir, Steinþór Pétursson, Sigrún Árnadóttir og Ásthildur Sturludóttir boðuðu forföll.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Hafnasamband Íslands - stjórnarfundir 2016 - 1601002HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 387. fundar frá 19. september 2016.

Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

2. Hafnasambandsþing 2016 - 1605002HA

Rætt um undirbúning og framkvæmd hafnasambandsþings 2016.

Dagskrá hafnasambandsþingsins var samþykkt ásamt tillögu um Þórdísi Sif Sigurðardóttur og Pétur Georg Markan sem forseta þingsins og Örnú Láru Jónsdóttur sem þingritara. Einnig voru tillögur að ályktunum fyrir hafnasambandsþingið lagðar fram til kynningar.

3. Hafnafundur 2017 og hafnasambandsþing 2018 - 1605002HA

Rætt um staðsetningu hafnafundar 2017 og hafnasambandsþings 2018.

Samþykkt að halda næsta hafnafund á Húsavík haustið 2017 og næsta hafnasambandsþing í Reykjavík árið 2018.

Fundi var slitið kl. 18:00

Gísli Gíslason

Guðmundur M Kristjánsson

Ólafur Þór Snorrason

Ásta Björg Pálmadóttir

Björn Arnaldsson

Valur Rafn Halldórsson